



**SOS  
BARNAPORPIN**

1. tölublað 28. árgangur 2022

Öll börn vilja gott heimi

**„Þessi ferð  
gerði mig  
eiginlega  
orðlausan“**

Rúrik heimsótti  
styrktarbarn  
sitt til Malaví

**Hefur alið upp 15 börn**

Viðtal við SOS mömmu

**Saumavélin breytti öllu**

Ný fjölskylduefning  
í Malaví og Rúanda

**Háskólamenntuð en  
atvinnulaus í þrjú ár**

Atvinnuhjálpi ungmenna  
í Sómalílandi

## Ávarp framkvæmdastjóra



### Af hverju gefur maður?

Sumir vilja meina að þeir sem gefa til hjálparstarfs geri það bara fyrir sjálfa sig. Kannski á það við um einhverja, en alls ekki alla. Hitt er svo annað mál, að þó maður gefi til að gera öðrum gott (en ekki sjálfum sér), þá sýna rannsóknir að með því að gefa til hjálparstarfs, sinna sjálfboðaliðastörfum eða leggja eitthvað á sig fyrir aðra, aukist hamingja þess sem gefur, heilsa hans og vellíðan. Það kann því að vera erfitt að komast hjá jákvæðum áhrifum þess að gefa – á þig sjálfa/n!

### Skattaafsláttur

Þessar jákvæðu afleiðingar hafa nú aukist enn frekar. Í fyrra tóku gildi ný lög sem veita þeim sem gefa til SOS og annarra góðra mála, skattaafslátt. M.ö.o. fær maður skattaafslátt með því að hjálpa munaðarlausum og yfirgefnum börnum í gegnum SOS Barnaþorpin.

SOS foreldri sem greiðir 3.900 á mánuði í framfærslu síns SOS barns, fær endurgreiddar um 18.000 krónur frá skattinum einu sinni á ári. Endurgreiðslan hækkar svo í takti við framlagið, að ákveðnu hámarki þó.

### Samstarf við yfirvöld

Á dögnum urðu þau tímamót í starfsemi SOS Barnaþorpanna á Íslandi að Utanríkisráðuneytið gerði þriggja ára rammasamning við samtökin, að undangenginni úttekt, um framkvæmd þróunarverkefna í fátækari ríkjum heims. Í ár fá samtökin þannig 80 milljónum króna úthlutað til að sinna þróunarverkefnum og munu t.d. nýta þessa fjármuni til að efla sárafátækar barnafjölskyldur til sjálfshjálpar.

Þetta traust íslenskra stjórnvalda í okkar garð er okkur hvatning til að halda áfram á þeirri braut að sýna ráðdeild, góða stjórnarhætti og fagmennsku við að bæta heiminn, einkum stöðu barna.

### Stuðningur einstaklinga

Þrátt fyrir þetta mikla traust og gott samstarf við ráðuneytið, eru það þó einstaklingar sem alltaf hafa verið máttarstólpinn í hjálparstarfi SOS. SOS foreldrar, barnaþorpsvinir og fjölskylduvinir sem gefa mánaðarlega til málefnsins, auk hinna fjölmörgu sem gefa með öðrum hætti.

Allur þessi stuðningur og samstaða hafa nú leitt til þess að SOS Barnaþorpin á Íslandi hafa aldrei stutt jafn mörg erlend verkefni og nú. Auk um tíu þúsund barna í barnaþorpum sem njóta stuðnings Íslendinga, njóta þúsundir barna og ungmenna í fjölskyldueflingarverkefnum og öðrum sértækum verkefnum stuðnings héðan. Þau verkefni eru í Rúanda, Malaví, Eþíópíu, Tógó og Sómalíu.

Ég færi ykkur hjartans þakkir fyrir stuðninginn og óska ykkur hamingju, velfarnaðar og skattaafsláttar!

Ragnar Schram, framkvæmdastjóri  
SOS Barnaþorpa á Íslandi.

## Aukin áhrif styrktaraðila

Nýlega tók gildi lagabreyting hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi sem gerir mánaðarlegum styrktaraðilum kleift að skrá sig sem félagi í samtökunum. Félagar greiða 2.500 króna árgjald og öðlast rétt til að sitja aðalfundi, bjóða sig fram til stjórnar og kjósa á aðalfundi. Breytingin fól m.a. í sér að fulltrúaráð SOS var lagt niður.



Vertu félagi í SOS  
– skráðu þig á [sos.is](http://sos.is)



# EFNISYFIRLIT



7



8



15

## 4 SOS-FRÉTTIR

Fjölskylduviðurkenning og Heimstaden

## 5 GLEÐIPINNAR STYRKJA 18 BÖRN

Velgjörðafyrirtæki SOS

## 6 HEFUR ALIÐ UPP 15 BÖRN

Viðtal við SOS-mömmu í Eþíópíu

## 7 SAUMAVÉLIN BREYTTI ÖLLU

Ný fjölskylduefling í Malaví og Rúanda

## 8 ÞESSI FERÐ GERÐI MIG ORÐLAUSAN

Rúrik heimsótti styrktarborn sitt í Malaví

## 12 OPNAÐI EIGIN VERSLUN

Atvinnuhjálpi ungmenna

## 13 ARFLEIFÐ KOLBRÚNAR LIFIR ÁFRAM

Kolbrún erfði SOS að 5,3 milljónum króna

## 14 KOSTNAÐUR LÆKKAÐI

Lykiltölur úr starfsemi SOS á Íslandi

## 15 SKÓLAMÁL

Sólbíómaleikskólar og öðruvísi jóladagatal



GJAFABRÉF

## Ertu að leita að gjöf handa einhverjum sem vantar ekkert?

Gjafabréf SOS er tilvalið í þakann og nauðstöð börn njóta góðs af. Andvirði gjafabréfsins er framlag til SOS Barnaþorpanna í nafni þess sem fær gjafabréfið.

Börn fá öryggi og hlýju í þínu nafni



Það er einfalt að panta gjafabréfið á [sos.is](https://www.sos.is)

### 1. tölublað - 28. árgangur - júní 2022.

Fréttablað SOS Barnaþorpanna kemur út tvisvar á ári. Það er sent til styrktaraðila og er jafnframt liður í fjáröflun.



Sjáðu öll fréttablað SOS rafrænt á [sos.is](https://www.sos.is).

### Útgefandi

SOS Barnaþorpin á Íslandi

### Ritstjóri

Hans Steinar Bjarnason

### Ábyrgðarmaður

Ragnar Schram

### Prófarkalestur

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

### Forsíðumynd

Jón Ragnar Jónsson,  
JonfromIceland

### Umbrot

Halldór Elías Guðmundsson

### Prentun

Prentmet Oddi



### SOS BARNAPORPIN

Hamraborg 1  
200 Kópavogi  
Sími 564 2910  
[sos@sos.is](mailto:sos@sos.is)  
[www.sos.is](http://www.sos.is)

Fylgstu með okkur á samfélagsmiðlum.





Fulltrúar Okkar heims, Ragna Guðfinna Ólafsdóttir sjálfbóðaliði, Sigríður Gísladóttir framkvæmdastjóri og Þórunn Edda Sigurjónsdóttir félagsráðgjafi, tóku við viðurkenningunni frá Willum Þór Þórssyni, heilbrigðisráðherra.

## Okkar heimur hlaut fjölskylduviðurkenningu SOS

Okkar heimur hlaut fjölskylduviðurkenningu SOS Barnaþorpanna á Íslandi 2022. Heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórsson, afhenti viðurkenninguna sem SOS Barnaþorpin hafa veitt árlega síðan 2016, aðilum sem vinna mikilvæg störf í þágu barnafjölskyldna á Íslandi. Viðurkenningin er veitt í kringum alþjóðlegan dag fjölskyldunnar, 15. maí.

### Eitt af hverjum fimm börnum

Okkar heimur hóf göngu sína innan Geðhjálpur en er nú orðið sjálfstætt úrræði. Það var sett á laggirnar vegna skorts á stuðningi og fræðslu fyrir börn foreldra með geðrænan vanda. Alþjóðlegar rannsóknir gefa til kynna að eitt af hverjum fimm börnum eigi foreldri með geðrænan vanda og hefur Okkar heimur starfað í þágu þessara barna á Íslandi frá árinu 2019. Rannsóknir sýna einnig að börn sem alast upp með foreldri með geðrænan vanda eru í 70% meiri hættu á að þróa sjálf með sér geðrænan vanda á lífsleiðinni, fái þau engan stuðning.

„Í SOS barnaþorpum um allan heim býr fjöldi barna sem á kynforeldra með geðraskanir. Okkur er því vel kunnugt um þær áskoranir sem slíku fylgja og fögnum því góða og mikilvæga framtaki sem Okkar Heimur er og viljum vekja athygli á því góða starfi sem samtökin vinna fyrir sinn markhóp hér á landi,“ segir í umsögn valnefndar.

„Ein versta tilfinning sem ég hef upplifað“

„Ég hef verið í þessari stöðu og þekki þessa tilfinningu, að vera einn í heiminum, að upplifa að það sé enginn í sömu stöðu og þú, það er enginn sem er að styðja við þig, og það er ein versta tilfinning sem ég hef upplifað. Það að fá þessa viðurkenningu sýnir okkur að meðvitund um þennan hóp er að aukast og að hann sé að verða sýnilegri. Það er mikil hvatning að halda áfram okkar mikilvæga starfi og erum við virkilega þakklát,“ segir Sigríður Gísladóttir, framkvæmdastjóri Okkar heims.

## Heimstaden styður systkini barna með sérþarfir

Árið 2021 hófst tímamótasamstarf við evrópska íbúðaleigufyrirtækið Heimstaden sem gengur undir heitinu „A home for a home“. Fyrir hvert heimili í íbúð Heimstaden, gefur fyrirtækið 100 evrur til SOS Barnaþorpanna árlega. Þetta markaði tímamót hjá SOS á Íslandi sem getur nú með aðkomu Heimstaden, í fyrsta skipti stutt við verkefni í þágu barna hér á landi. Byrjað var á Ásbrúarsvæðinu og nú á þessu ári bættist við 2,5 milljóna króna styrkur til Umhyggju, félags langveikra barna, vegna

Systkinasmiðjunnar, vettvang systkina barna með sérþarfir og sálfræðistuðning við börnin.

Styrkur Heimstaden fjármagnar einnig þrjú erlend verkefni sem eru á ábyrgð SOS á Íslandi, atvinnuhjálp ungmenna í Sómalíu og Sómalílandi, baráttuverkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó og fjölskylduefningu í Rúanda.





## Fyrirtækin sem sýna samfélagslega ábyrgð

Velgjörðafyrirtæki SOS Barnaþorpanna á Íslandi sýna samfélagslega ábyrgð og stuðla að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem SOS vinnu að með margþættu starfi. Að bera þennan titil er yfirlýsing viðkomandi fyrirtækis um að það geri heiminn betri fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn og stuðli að betra lífi fyrir sárafatækar barnafjölskyldur.



Heimstaden



GLEÐIPINNAR



Rúrik Gíslason, einn af velgjörðasendiherrum SOS, afhenti Guðrúnu Hilmarsdóttur, Gunnu á Stælnum, upplýsingar um styrktarbarn American Style í Skipholti.

## 18 styrktarbörn Gleðipinna

Veitinga- og afþreyingarfélagið Gleðipinnar bættist í hóp velgjörðafyrirtækja SOS Barnaþorpanna í maí. Gleðipinnar reka 18 veitinga- og afþreyingarstaði sem gerðust allir SOS-foreldrar samtals 18 barna í SOS barnaþorpum víðsvegar um heiminn. Vörumerki Gleðipinna eru 10 talsins: American Style, Pítan, Aktu taktu, Saffran, Hamborgarafabrikkan, Shake&Pizza, Blackbox, Keiluhöllin, Djúsí og Rush trampólíngarðurinn.

„Gleðipinnafjölskyldan okkar er stór og fjölbreytt, hjá okkur starfa um 400 starfsmenn af um 20 þjóðernum.

Það er því afar viðeigandi að taka þátt í starfi SOS Barnaþorpanna með þessum hætti, enda starfa þau í 137 löndum víðs vegar um heiminn. Það er táknrænt að Gunna á Stælnum taki á móti fyrsta styrktarbarninu, en hún er elsti starfsmaður Gleðipinna, hefur stýrt American Style í Skipholti í 25 ár og alið upp fjöldann allan af íslenskum fyrirmyndarbörnum,” segir Jóhannes Ásbjörnsson, talsmaður Gleðipinna.

# Emebet hefur alið upp 15 börn

Ekkert veitir henni meiri hamingju en að sjá rætast úr börnunum



**E**mebet stendur alúðleg og brosandí útí á tröppum fyrir utan lítið og snyrtilegt heimili sitt í SOS barnaþorpínu í Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu. Hún býður greinarhöfund velkominn í heimsókn, nýkominn frá Íslandi og börnin í þorpínu streyma að brosandí og hlæjandi til að heilsa. Gleði, spenna og forvitni skín úr andlitum þeirra.

## Móðir, lækni og kennari

Emebet hefur verið SOS móðir í 8 ár í barnaþorpínu í Addis Ababa. Hún er í dag móðir átta barna en hefur alls alið upp 15 börn. Sjö þeirra eru vaxin úr grasi og flutt að heiman, ýmist gift eða í framhaldsnám til Suður Afríku og Gana. Emebet segist hafa viljað verða SOS móðir vegna þess að ekkert sé meira gefandi í lífinu en að annast börn. „Börn eru besta gjöfin sem Guð gefur okkur. Ekkert færir mér meiri hamingju en að verða vitni af því þegar börnin vaxa úr grasi, útskrifast úr skóla og giftast.“

Emebet kann líka vel að meta alla ábyrgðina sem fylgir móðurhlutverkinu. „Það er ekki hægt að afmarka ábyrgðina við ákveðin atriði. Ef þú ert móðir þá má eiginlega segja að þú sért líka lækni og kennari.“

## Að taka á móti barni í losti

Eins og gefur að skilja koma börn í mismunandi andlegu ástandi í SOS barnaþorpin enda koma þangað börn á ýmsum aldri sem hafa ýmist misst foreldra. Emebet hefur tekið á móti börnum sem upplifað hafa áföll.

„Það hefur sem betur fer ekki gerst oft hjá mér en ég hef þó fengið til mín börn í hálfgerðu losti. Þá legg ég mig alla fram við að skilja bakgrunn þeirra. Þessi börn þurfa sérstaka umönnun og ég stíg afar varlega til jarðar í þeim efnum. Það vinnur reynslumikið fólk hér í barnaþorpínu sem gott er að leita ráða hjá. Ef barninu gengur illa að aðlagast þessu nýja heimili og vanlíðan þess virðist ætla að draga á langinn, þá höfum við sem betur fer aðgengi að menntuðu fagfólki sem kemur okkur til aðstoðar.“

## Lítur eigin börn sömu augum

Emebet hefur sjálf fætt og alið upp tvö börn og segir hún gleðina sem því fylgir endast út lífstíð. En hún gerir engan greinarmun á því og gleðinni sem fylgir því að taka á móti nýju barni í barnaþorpið, umvefja það ást og umhyggju og taka þátt í að veita því sömu tækifæri í lífinu og hennar eigin börnum. „Við leggjum mikið upp úr undirbúningnum fyrir komu nýrra barna hingað svo þau finni að hingað séu þau velkomin og hér mæti þeim væntumþykja og góð umönnun,“ segir Emebet að lokum áður en hún sýnir undirrituðum húsið sem er einstaklega snyrtilegt, bjart og persónulegt. Það er augljóst að börnin eru í góðum höndum Emebet.

Í barnaþorpínu í Addis Ababa búa 120 börn í 15 fjölskyldum og eiga 66 þessarar barna styrktarforeldra á Íslandi.

Viðtal og myndir: Hans Steinar Bjarnason





# Saumavél bjargaði fjölskyldunni

Sem SOS-fjölskylduvinur styðurðu fjölskyldueflingu SOS. Þú ákveður styrktarupphæðina og færð reglulega fréttir, sögur og myndefni af barnafjölskyldunum sem þú hjálpar.

**S**OS Barnaþorpin á Íslandi hafa bætt við tveimur nýjum fjölskyldueflingarverkefnum til viðbótar við það sem hófst í Eþíópíu árið 2018. Nú hjálpum við illa stöddum barnafjölskyldum upp úr sárafátækt einnig í Malaví og Rúanda þar sem verkefni okkar eru nýhafin.

Fjölskyldurnar fá aðstoð í formi menntunar, heilsgæslu, ráðgjafar og annarra þátta sem hjálpa þeim að yfirstíga erfiðleika og lifa betra lífi sem fjölskylda. Verkefnið í Malaví nær beint til 1500 barna og ungmenna í 400 fjölskyldum. 15 þúsund skólabörn af 500 heimilum njóta einnig óbeint góðs af verkefninu sem styður við veikbyggða innviði samfélagsins á staðnum.



## Fjölskyldan var að leysast upp

Í Malaví er fjölskyldueflingin okkar í nágrenni barnaþorpsins í Ngabu þar sem þegar er komin góð reynsla á slíkt verkefni sem rekið var af SOS í Noregi. Á ferð okkar til Malaví fyrr á árinu hittum við Ariannes, fimm barna einstæða húsmóður, sem er nýútskrifuð úr fjölskyldueflingu í Ngabu. Fjölskyldan var á mörkum þess að leysast upp áður en fjölskyldueflingin kom til sögunnar.

„Ég gat ekki séð fyrir börnunum og sent þau í skóla. Hér verður reglulega uppskerubrestur og börnin fengu stundum aðeins eina máltíð á dag. Eitt barnanna minna er fatlað og átti sérstaklega erfitt því við áttum ekki öruggan samastað,” segir Ariannes

en með aðstoð fjölskyldueflingarinnar varð alger viðsnúningur á lífi fjölskyldunnar.

Ariannes er hæfileikarík saumakona og eftir að henni var hjálpað að kaupa saumavél fór hún að afla tekna. Hún hafði loks efni á að kaupa mat og skólagögn fyrir börnin og eignaðist eigið húsnæði.

## Börnunum forðað frá vændi

Þessi smávægilega aðstoð er miklu stærri en hún virðist í fyrstu eins og Ariannes útskýrir. „Það sem fjölskyldueflingin gerði fyrir okkur var að koma í veg fyrir að börnin hætti í skóla, að þau myndu svelta og mjög líklega leiðast út í vændi. Það eru því miður örlög margra barna hér á þessu svæði,” segir Ariannes sem vildi að lokum koma á framfæri þakklæti til Íslendinga sem styðja við fjölskyldueflinguna.

Hún lítur nú björtum augum til framtíðar. „Ég finn mikið öryggi í því að búa í eigin húsnæði og ég afla tekna með saumamenskunni. Börnin fá að borða og þau sækja skóla.”

## Ofbeldi gegn börnum í Rúanda

Fjölskyldueflingin okkar í Rúanda er í Nyamiyaga hlutanum í Gicumbi héraði og eru skjólstaðingar þess um 1.400 börn, ungmenni og foreldrar þeirra í 300 fjölskyldum sem búa við sárafátækt. Af 21 þúsund íbúum þessa svæðis búa yfir 6.200 þeirra við örbirgð. Þjóðarmorðin árið 1994 lögðu áður veikbyggða innviði landsins í rúst og glímur þjóðin enn við afleiðingar þeirra. Markmið fjölskyldueflingarinnar í Rúanda er að ráðast á rót helstu vandamála sem ógna velferð barna á svæðinu og má þar helst nefna háa tíðni ofbeldis gegn börnum, vanrækslu, yfirgefin börn og fjölskyldur sem leysast upp.

Fjölskyldueflingin í Eþíópíu, Malaví og Rúanda sem SOS á Íslandi er í ábyrgð fyrir er styrkt af Utanríkisráðuneytinu, Heimstaden og SOS-fjölskylduvinum.

# Þessi ferð gerði mig eiginlega orðlausan

Rúrik heimsótti styrktarbarn sitt til Malaví

**R**úrik Gíslason er einn af velgjörðasendiherrum SOS á Íslandi og hann hefur frá árinu 2018 verið SOS-foreldri. Rúrik styrkir 14 ára dreng í SOS barnaþorpinu í Ngabu í Malaví sem heitir Blessings og í janúar á þessu ári fór Rúrik utan að heimsækja drenginn og kynnst aðstæðum fólks í Malaví sem er eitt af fátækustu löndum heims.

## Nú þekki ég hann

Það er skammt liðið frá flugtaki frá Lilongve, höfuðborg Malaví, þegar undirritaður og Rúrik rifja ferðina upp yfir kaffibolla í háloftunum. Rúrik var búinn að styrkja Blessings í fjögur ár þegar kom að heimsókninni og hann vissi sitthvað um drenginn. M.a. að helstu áhugamál hans væri fótbolti og dans svo ljóst var að þeir áttu eitthvað sameiginlegt. SOS foreldrar fá tvö bréf á ári með upplýsingum um styrktarbörnin sín og eina mynd á ári.

„Ég les bréfin í gegn en ég verð að viðurkenna að það var mér frekar fjarlæggt að ég væri að styrkja barn í Malaví. Nú þegar ég er búinn að heimsækja Blessings þá er staðan gerbreytt. Núna sé ég eiginlega eftir því að hafa ekki sett mig í samband við hann fyrr. Það

”

**Nú þegar ég er búinn að heimsækja Blessings þá er staðan gerbreytt. Núna sé ég eiginlega eftir því að hafa ekki sett mig í samband við hann fyrr.**

er eitt að skrá sig sem styrktarforeldri en ég hvet þá sem það gera að lesa bréfin og kynnst börnunum.“ Rúrik hlakkar nú sérstaklega til að fá næstu bréf með fréttum af Blessings. „Engin spurning. Nú þekki ég Blessings og hef hitt hann.”





Blessings flutti í barnaþorpið þegar hann var 6 ára eftir að faðir hans var myrtur. Ekki er vitað hvar móðir hans er niðurkomin en Blessings á ástríka fjölskyldu í barnaþorpinu. Það fékk talsvert á Rúrik að heyra um örlög föður Blessings. „Það er alveg hræðilegt, sorglegt. Því miður eru mörg svona sorgleg dæmi sem við heyrum af. Öll þessi börn eiga ólíkan bakgrunn sem hefur mótað ólíka karaktera. Það er eitt af því sem mér fannst standa upp úr. Að kynnast mörgum ólíkum börnum.“

### Vonin er svo mikilvæg

Það fór vel á með Rúrik og Blessings þó þeir hafi báðir verið dálítið feimnir í upphafi. „Við náðum vel saman. Mér fannst hann uppveðrast eftir því sem leið á heimsóknina og ég skynjaði svo mikla von hjá honum. Eitt sem ég tók sérstaklega eftir í heimsóknum til fólks sem hafði t.d. nýlega fengið vatnsbrunn nálægt

heimili sínu eða bætta hreinlætisaðstöðu er hvernig það gaf fólkinu von. Það hafði m.a. þau áhrif að fólkið fór að mæta betur til vinnu eða skóla þegar aðstæður þess voru bættar. Ég skynjaði þetta hjá Blessings þegar ég spilaði fótbolta með honum. Ég fékk á tilfinninguna að ég hefði verið að gefa honum smá von. Ég reyndi bara að hvetja hann eins mikið og ég gat. Hann ætlar sér að verða lækur í framtíðinni. Ég held það sé mjög algengt hjá börnum í þessu landi að þau missa trú á markmiðum sínum því tækifærin eru af skornum skammti. Þessi börn þurfa að geta trúað því að draumar þeirra rætist.“

### Hætta að líta á sig sem manneskju

Rúrik segir að ferðin hafi að vissu leyti breytt sýn sinni á lífið. „Fólkið þarna er á öðrum hraða en við heima á



**Blessings,  
styrktarborn  
Rúriks, ætlar  
sér að verða  
læknir í  
framtíðinni.**

Íslandi. Við erum alltaf á öðru hundraðinu, að stressa okkur og ætla okkur of mikið. Við erum líka að pirra okkur á hlutum sem í raun skipta engu máli í stóra samhenginu."

Þegar þú lifir í sárrí fátækt hættir fólk að líta á þig sem manneskju. Að lokum hættirðu sjálfur að líta á þig sem manneskju og gefst upp. Þessi fleygu orð sagði framkvæmdastjóri SOS barnþorpisins í Ngabu. Skammt frá barnþorpinu er íbúabyggð þar sem SOS Barnþorpin á Íslandi fjármagna fjölskyldueflingu sem Rúrik var sérstaklega heillaður af. SOS rekur tæplega 600 slík forvarnarverkefni um allan heim. Markmið þeirra er að hjálpa illa stöddum barnafjölskyldum á fátækustu svæðum heims til sjálfbærni og sjálfstæðis.

”

**Ég held það sé mjög algengt hjá börnum í þessu landi að þau missa trú á markmiðum sínum því tækifærin eru af skornum skammti.**

Fjölskylduefling SOS verður til þess að börnin fá grunnþörfum sínum mætt svo þau verði ekki vanrækt og yfirgefin. Þessi verkefni hafa forðað fjölmörgum illa stöddum barnafjölskyldum frá sundrungu.

„Það er mjög þarft verkefni að hjálpa þessum fjölskyldum. Það var alveg ótrúleg upplifun að heimsækja þetta fátæka svæði í Ngabu. Það sem mér fannst magnaðast af öllu er að sama hversu bággt fólkí átt, þá var alltaf gleði í andlitum. Kannski vita þau ekki hvers þau fara á mis við í lífsgæðum. Það er ótrúlegt að sjá við hvaða aðstæður fólk býr þarna. T.d. að þurfa að ganga marga kílómetra á dag eftir vatni. Ég prófaði að bera vatnið sem konurnar bera á höfðinu og það var ekkert grín. Og ég er hraustur karlmaður. Fjölskyldueflingin er mjög flott verkefni," segir Rúrik.

### Menningarsjokk

Eins og áður segir er Malaví eitt af fátækustu löndum heims, í 172. sæti af 182 á lífsskjaralista Sameinuðu þjóðanna. Rúrik var að koma til Afríku í fyrsta sinn og hann viðurkennir að þessi heimsókn hafi komið honum gjörsamlega í opna skjöldu. „Menningarsjokkið var mikið og það byrjaði eiginlega bara strax á flugvellingum. Flugstöðin í höfuðborginni



”

Ég prófaði að bera vatnið sem konurnar bera á höfðinu og það var ekkert grín. Og ég er hraustur karlmaður.



Lilongve var eins og hún væri 100 ára gömul. Það var líka mjög áhugavert að keyra inn í borgina og sjá fólk við veginn að reyna að sjá fyrir sér með því að

að vera velgjörðasendiherra SOS og fá tækifæri til að kynnast starfi samtakanna á þennan hátt.

”

Ég hef séð myndir frá Afríku en að koma þangað og sjá aðstæðurnar sem fólk býr við gerði mig orðlausan.

selja ýmsan varning, hvort sem það voru ávextir eða gömul dekk. Ég get samt ekki lýst menningarsjokkinu í orðum. Ég hef séð myndir frá Afríku en að koma þangað og sjá aðstæðurnar sem fólk býr við gerði mig orðlausan. Þessi ferð gerði mig eiginlega orðlausan,” segir Rúrik sem vill að lokum lýsa þakklæti sínu fyrir

### Sjónvarpsþáttur um heimsóknina

Með í för til Malaví var mágur Rúriks, Jóhannes Ásbjörnsson, sem einnig er SOS-foreldri 5 ára stúlku í sama barnaþorpi. Tilgangur ferðarinnar var að taka upp sjónvarpsþátt um heimsóknina og er hann aðgengilegur í Sjónvarpi Símans.

Kvikmyndatökur voru í höndum Jóns Ragnars Jónssonar, Jonfrómlceland og vilja SOS Barnaþorpin færa þeim öllum innilegt þakklæti fyrir þeirra óeigingjarna framlag í þágu góðs málefnis.



Jón Ragnar Jónsson, Jóhannes Ásbjörnsson, Rúrik og Hans Steinar Bjarnason unnu sjónvarpsþátt um heimsóknina sem er aðgengilegur á Sjónvarpi Símans.



## Atvinnulaus í þrjú ár þrátt fyrir háskólamenntun

**S**OS Barnaþorpin á Íslandi reka verkefnið "Next Economy", atvinnuhjálp ungmenna í Sómalíu og Sómalílandi. Þar er atvinnuleysi ungmenna um 70% og þennan hóp ásælast hryðjuverkahópar. Það undirstrikar mikilvægi verkefnisins sem gengur út á að hjálpa ungmennum að sækja um vinnu eða stofna eigin atvinnurekstur með þjálfun í helstu nauðsynlegum þáttum.

### Háskólamenntuð en atvinnulaus í þrjú ár

Hundrað ungmenna hafa hlotið þjálfun og streymt út á vinnumarkaðinn eftir að verkefnið hófst árið 2018. Meðal þeirra er Sacda sem útskrifaðist með háskólagráðu í stjórnmálafræði árið 2016. „Eftir námið var ég atvinnulaus í þrjú ár og það dró úr mér allan kjark. Fjölskyldan mín var farin að hafa áhyggjur af mér og ég var farin að svipast um erlendis eftir störfum. En þá kom Next Economy mér til bjargar og ég fékk vonina á ný," segir Sacda sem innritaði sig á námskeið þar sem hún hlaut þjálfun í að nýta sérþekkingu sína til að finna starf við hæfi.



Sacda starfar nú á skrifstofu í grunnskóla

### Lærði að þekkja hæfileika sína

Hún starfar nú á skrifstofu í grunnskóla þar sem hún hefur umsjón með ýmsum málefnum nemenda. „Þjálfunin kenndi mér og fleiri ungmennum hvernig við getum mótað okkar framtíð sjálf. Ég er í skýjunum núna því ég er í starfi sem gerir mér kleift að þróa hæfileika mína. Núna er ég full vonar um að ég eigi eftir að styrkjast enn frekar og verða góður stjórnandi í nánustu framtíð."

### Átti ekki fyrir náminu og þurfti að hætta

Hussain var í háskólanámi til blaðamennsku þegar fjölskyldan hans átti ekki lengur fyrir skólagjöldum svo hann neyddist til að hætta. Þetta dró mikið þrek og hugrekki úr Hussain sem missti brátt alla von og fékk hvergi vinnu. Hann var eins og Sacda farinn að litast um eftir atvinnu erlendis. Þegar hann var að leita á internetinu sá hann námskeið á vegum Next Economy sem hann fékk inngöngu í og segir hann að það hafi gerbreytt hugsunarhætti hans.

### Opnaði eigin verslun

„Ég fór að tileinka mér frumkvöðlahugsun með það fyrir augum hvað vantaði í nærsamfélagið. Þá veitti ég því athygli að hér var engin verslun sem selur nauðsynjavörur. Ég opnaði verslun fyrir tveimur árum sem gengur vel og ég hef núna áætlanir um að stækka við mig og kaupa landið sem verslunin er á. Hér eru næg tækifæri ef við gefum okkar eigin hæfileikum tækifæri," segir Hussain að lokum.

Verkefnið Next Economy er fjármagnað að 80% af Utanríkisráðuneytinu og 20% af Heimstaden.



Hussain hefur opnað eigin verslun.



# Erfðagjöf Kolbrúnar hjálpar börnum í Malaví

Kolbrún Hjartardóttir, kennari og sagnfræðingur, lést 28. febrúar 2021. Kolbrún lét sig varða velferð barna og hafði hún ákveðið að ráðstafa þriðjungji af arfi sínum til starfsemi í þágu þeirra. Hún erfði SOS Barnaþorpin á Íslandi að rúmunum 5,3 milljónum króna sem samtökunum var úthlutað í vetur og sama upphæð rann til Barnaspítala Hringins og Unicef.

## Arfleifð Kolbrúnar lifir áfram í Malaví

„Við hjá SOS Barnaþorpinum hugsum hlýlega til Kolbrúnar vegna þessarar höfðinglegu gjafar. Það hefur verið sérlega ánægjulegt að eiga samskipti við ættingja hennar og finna hve sáttir þeir eru með þessa ákvörðun hennar. Þessum fjármunum verður vel varið í þágu varnarlausra barna í Malaví,“ segir Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS á Íslandi.

Erfðagjöf Kolbrúnar verður varið í fjölskylduefningu sem nýverið var sett á laggirnar í Malaví, verkefni sem SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna. Markmið



Kolbrún Hjartardóttir  
f. 19. júlí 1935  
d. 28. feb. 2021

Erfðagjöf



þess er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína og styðja fjölskyldurnar til fjárhagslegs sjálfstæðis.

## Umhyggjusöm

Kolbrún var fædd á Ísafirði 19. júlí 1935 og fluttist hún til Reykjavíkur 11 ára gömul. Eftir nám starfaði hún fyrst hjá Vinnuveitendasambandi Íslands en sneri sér fljótlega að grunnskólakennslu sem var hennar aðalstarf. Kolbrún var einhleyp og eignaðist ekki börn en hún átti sjö systkini og tvær samfeðra hálsystur. Kolbrúnar er minnst sem góðrar frænku sem ræktaði frændgarð sinn, systkini, mágfólk og afkomendur þeirra af mikilli alúð og umhyggju.

Ekki standa allar óskir  
Önnu og Sigurðar  
skrifaðar í skýin...

Þess vegna gerðu þau erfðaskrá

Sjáðu til þess að óskum þínum verði framfylgt

**Haltu áfram að gefa von**

Fjöldi umkomulausra barna hefur fengið nýtt líf og nýja von vegna erfðagjafa frá stuðningsaðilum SOS Barnaþorpanna. Fáðu frekari upplýsingar hjá okkur.

Sími: 5642910 // [sos@sos.is](mailto:sos@sos.is)

## Stöðugleiki

Árið 2021 einkenndist af stöðugleika hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi. Heildartekjur námu samtals um 669,4 milljónum króna og er það lækun um aðeins um 4,3 milljónir króna milli ára sem verður að teljast ásættanlegt í miðjum heimsfaraldri. Stærsti hluti af framlögum til SOS á Íslandi kemur frá SOS-foreldrum og Barnaþorpsvinum sem við sendum til barnaþorpa í 107 löndum.


### Rekstrarkostnaður lækkaði

Af heildartekjum ársins var rekstrarkostnaður innanlands aðeins 17,6% sem er vel fyrir neðan viðmið okkar um 20% þak á rekstrarkostnaði. Þetta er lækun um eitt prósentustig frá árinu áður og þýðir að á árinu 2021 runnu 824 krónur af hverju eitt þúsund króna framlagi í sjálft hjálparstarfið.

Þetta og fleira úr rekstri SOS á Íslandi árið 2021 er hægt að lesa í ársskýrslunni og ársreikningi sem aðgengileg eru á heimasíðu okkar sos.is.

 **8.725 börn**  
hafa íslenska styrktarforeldra

 **21.523**  
einstaklingar styrktu SOS

 **10.393**  
mánaðarlegir styrktaraðilar

 **696**  
fyrirtæki styrktu SOS

### Mánaðarlegir styrktaraðilar á Íslandi í lok árs 2021

Mánaðarlegir styrkir	Fjöldi	Breyting
Styrktarbörn SOS-foreldra	8.725	+21
Barnaþorpsvinir	579	-20
Fjölskylduvinir	1.089	-42
Alls	10.393	-41

## Tekur árið 2021

**669,4**  
milljónir króna

Skipting tekna 2021 í milljónum króna	
Tekjuliður	m. kr
Framl. SOS-foreldra og barnaþorpsvina	415,3
Gjafir til barna og barnaþorpa	15,5
Fjölskylduvinir, mánaðarleg framlög	17,4
Frjáls framlög og fjáraflanir	100,1
Fyrirtækja- og stofnanaframlög	25,1
Erfðagjafir	9,3
Opinber framlög	40,0
Húsaleigutekjur	2,5
Vaxta, fjárm.tekjur og gengishagnaður	44,1
<b>SAMTALS</b>	<b>669,4</b>

## Gjöld árið 2021

**629,2**  
milljónir króna

Skipting gjalda 2021 í milljónum króna	
Gjaldaliður	m. kr
Framlög til barnaþorpa	353,0
Gjafir til styrktarbarna og þorpa	15,5
Framlag til SOS International	74,0
Stuðningur vegna verkefna	30,1
Opinber ráðstöfun til verkefna	39,0
Tilkostnaður vegna fjáraflana	22,4
Rekstur fasteignar	1,9
Laun og launatengd gjöld	63,3
Kynningar- og markaðsmál	7,9
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	17,8
Afskriftir	4,2
<b>SAMTALS</b>	<b>629,2</b>



Upplýsingar um fjármál SOS Barnaþorpanna.



## Arnarsmári styrkir stúlku í Afríku



**B**örnin í leikskólanum Arnarsmára í Kópavogi eru dyggir styrktaraðilar SOS Barnaþorpanna enda hefur Arnarsmári verið einn af Sólblómaleiksskólum SOS frá árinu 2016. Yfir 20 Sólblómaleiksskólar styrkja SOS Barnaþorpin ýmist með fjársöfnunum eða að styrkja barn í SOS barnaþorpi. Tilbúið fræðsluefni frá SOS stuðlar að því að börnin á Sólblómaleiksskólum fræðast um börn í öðrum löndum, hvernig þau búa við aðrar aðstæður og hvernig aðstæðurnar eru sambærilegar.

Arnarsmári styrkir litla stúlku sem kölluð er Kíkina og býr í SOS barnaþorpinu Bouar í Mið-Afríkulýðveldinu.

Kíkina er tveggja ára og flutti í barnaþorpið af því hún átti enga foreldra, en nú er hún búin að eignast SOS mömmu sem hún elskar mjög mikið af því hún er svo góð.

Börnin í Arnarsmára útbúa á hverju ári Sólblómabauk sem þau safna pening í og koma með á skrifstofu SOS í Kópavogi fyrir styrktarbarnið sitt, Kíkínu. Við smeltum þessari mynd af börnunum úr Arnarsmára þegar þau komu á skrifstofuna sl. sumar með framlag upp á 10.493 krónur sem þau höfðu safnað. Virkilega vel gert krakkar.

## 700 þúsund söfnuðust í Öðruvísi jóladagatali SOS

SOS á Íslandi stóð fyrir Öðruvísi jóladagatali sjötta árið í röð og hefur það aðallega verið fyrir nemendur í grunnskólum landsins. Árið 2020 var þó tekin ákvörðun um að opna dagatalið fyrir öllum vegna heimsfaraldursins og tókst það svo vel til að ákveðið var að endurtaka leikinn fyrir síðustu jóla. Á hverjum degi á aðventunni opnum við glugga í dagatalinu með fræðandi myndbandi um börn í öðrum löndum. Samhliða þessu eru börn hvött til að safna framlögum með því að vinna létt heimilisverk og í þetta sinn söfnuðust um 700 þúsund krónur sem varið verður í fjölskylduefningu SOS í Malaví.

Peningagjöf inn á **fram tíðarreikning** rennur óskipt til styrktarbarnsins.

Hægt er að gefa á Mínum síðum á [sos.is](https://www.sos.is) (rafræn skilríki).





# Þau búa í SOS barnaþorpum og eiga SOS-foreldra á Íslandi



2 ára stúlka í Jórdaníu  
SOS-foreldri í Kópavogi



6 ára drengur í Sómalílandi  
SOS-foreldri í Mosfellsbæ



7 ára stúlka í Tælandi  
SOS-foreldri í Reykjavík



9 ára stúlka í Bólivíu  
SOS-foreldri á Akureyri



7 ára drengur í Eþíópíu  
SOS-foreldri í Reykjavík



11 ára stúlka í Eþíópíu  
SOS-foreldri í Reykjavík



9 ára stúlka í Bólivíu  
SOS-foreldri á Þorlákshöfn



3 ára drengur í Simbabwe  
SOS-foreldri á Akureyri



7 ára drengur í Hondúras  
SOS-foreldri í Reykhólahreppi

**Vertu SOS-foreldri**



**SOS  
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili